

102. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund mánudaginn 22. nóvember 2004 kl. 18:30 á kaffistofu skólans.

Mætt voru Hafsteinn Sigurðsson, skólastjóri, Margrét Ásgeirsdóttir og Elísabet L. Björgvinsdóttir.

Dagskrá: 1. Skýrsla skólastjóra.
 2. Fjárhagsáætlunargerð.
 3. Önnur mál.

1. Skýrsla skólastjóra.

Skólastjóri afhenti nefndarmönnum biðlista, en 9. nóvember voru 37 á biðlista. Ræddar voru áherslur í skólastarfinu. Unanfarið hefur áhersla verið lögð á eflingu lúðrasveitar og hefur sú vinna gengið vel. Fjöldi lúðranema er mikill nú.

Rætt var um hugsanlega strangari skólareglur, t.d. mætingar- og ástundunarreglur, sérstaklega nú þegar biðlistar eru. Lagt til að kennarar skólans endurskoði skólareglurnar.

Tónfundir voru í öllum deildum í nóvember.

Framundan eru ýmsar uppákomur tónlistarnema. Nemendur úr blásaradeild taka þátt í aðventusamkomu 5. desember nk. í kirkjunni.

Píanónemendur leika á jólabasar Kvenfélagsins 28. desember á 1. sunnudegi í aðventu.

12. desember verður aðventustund í Helgafellskirkju og þar verður Hafsteinn á ferð með flautu- og harmonikkuleikara.

13., 14., 15. og 16. desember verða jólatónfundir í sal skólans.

Áætlaðar eru heimsóknir hljóðfæraleikara um bæinn í desember m.a. í leikskólann, dvalarheimilið og sjúkrahúsið.

2. Fjárhagsáætlunargerð.

Hafsteinn afhenti fundarmönnum drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2005. Launaliðurinn er óskrifað blað vegna lausra samninga tónlistarkennara. Prófdómarakostnaður mjög misjafn eftir árum. Ekki er mælt með hækkunum á gjaldskrá í vetur en ákveðið að skoða málið nánar með vorinu.

3. Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 20:00.

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.).